

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við
formlega onun Hermís, hermiseturs Háskóla Íslands og
Landspítalans. Flutt í Eirbergi miðvikudaginn 30. apríl 2025 kl. 13.00**

Kæru gestir, það er mér heiður og ánægja að bjóða ykkur öll velkomin til þessarar samkomu sem haldin er í tilefni af opnun Hermís, nýs hermiseturs Háskóla Íslands og Landspítalans. Hermís er samstarfs- og þróunarverkefni Heilbrigðisvísindasviðs HÍ og menntadeildar Landspítala og byggir verkefnið á styrk úr „Samstarfi háskóla“, sem þáverandi háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti veitti, auk fjárframlags frá heilbrigðisráðuneytinu. Vil ég nota tækifærið og þakka kærlega fyrir þetta framlag og allt samstarf í verkefninu.

Hermís er nútímalegt og framsækið færni- og hermisetur sem er ætlað nemendum og starfsfólki í heilbrigðisvísindum. Setrið hefur samtals um 200 fermetra til umráða og samanstendur það af fjórum rúmgóðum margnota kennslurýmum og er staðsett hér á 2. hæð í Eirbergi við Eiríksgötu. Hér í Eirbergi er einnig hermisetur Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar HÍ og er samanlagt kennslurými fyrir verklega kennslu í Eirbergi því um 500 fermetrar í sex rýmum.

Hermikennsla felur í sér aðferðir sem líkja eftir raunverulegum aðstæðum í öruggu námsumhverfi, oft studd með tækni og búnaði. Aðsókn að hermisetrinu hefur aukist hratt, nú í kringum 500-600 notendur á mánuði, og nemendur kjósa þessa kennsluaðferð fremur en aðrar. Hermikennsla gerir kleift að endurtaka verkefni og stjórna erfiðleikastigi eftir þörfum.

Rannsóknir sýna að hermikennsla eykur færni nemenda í klíniskum aðstæðum og eykur öryggiskennd þeirra. Nauðsynin fyrir hermikennslu mun aukast áfram. Hermís hefur vakið athygli innanlands og utan, með áformum um að tengja starfsstéttir eins og lögreglu og sjúkraflutningafólk við hermikennslu.

Það er ljóst að svo metnaðarfullt verkefni verður ekki hrist fram úr erminni og liggur gríðarleg vinna að baki undirbúnings hermisetursins. Þannig hefur ekki aðeins verið standsett „mini-sýndar-sjúkrastofnun“, heldur hefur einnig verið, með kerfisbundnum hætti, byggður upp og samþættur kennslubúnaður út frá lifandi þarfagreiningu, auk þess sem kennarahópurinn hefur markvisst verið stækkaður og þjálfður.

Hermís verkefnið í samstarfi við aðra háskóla hefur þjálfað um 50 nýja hermileiðbeinendur, þar af 14 frá Akureyri, og mun þjálfun halda áfram í haust. Setrið stuðlar einnig að nýsköpun, t.a.m. með aðstoð við nýsköpunarfyrirtæki.

Góðir gestir, ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri og óska okkur öllum til hamingju með áfangann. Framtíðin er hér og hún er björt.

Takk fyrir.